

7. AÐALFUNDUR FÉLAGS FRAMHALDSSKÓLAKENNARA 26. - 27. apríl 2018

ÁLYKTUN UM NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF Í FRAMHALDSSKÓLUM OG STÖRF NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFNA

Aðalfundur Félags framhaldsskólakennara haldinn 26. - 27. apríl 2018 leggur áherslu á að náms- og starfsráðgjöf í framhaldsskólum sé eflid sem og starfsaðstæður náms- og starfsráðgjafa.

Aðalfundurinn leggur áherslu á að:

- allir framhaldsskólanemendur hafi aðgengi að náms- og starfsráðgjöf óháð búsetu, aldri og menntun og bendir á mikilvægi náms- og starfsráðgjafar í framhaldsskólum ,
- vægi náms- og starfsfræðslu í framhaldsskólum sé aukið og verði eðlilegur hluti af námi nemenda til að auðvelda þeim að taka meðvitaðar ákvarðanir um námsval,
- farið sé að lögum um náms- og starfsráðgjöf í framhaldsskólum, komið verði á heildstæðri náms- og starfsráðgjafaáætlun fyrir skóla þar sem 300 nemendur eða færri eru að baki hverju 100% stöðugildi í náms- og starfsráðgjöf,
- setja aðgerðaáætlun um náms- og starfsráðgjöf með skilgreindum fjárframlögum með áherslu á náms- og starfsfræðslu sem mikilvægt tæki til að sporna gegn brotthvarfi í námi og tryggja nemendum sem árangursríkasta skólagöngu,
- byggja upp vefgátt um nám og störf, aukið samstarf skóla og atvinnulífs, uppbyggingu og þróun náms- og starfsráðgjafar alla ævi,
- náms- og starfsráðgjöfum séu tryggðar góðar starfsaðstæður til að veita nemendum leiðsögn í persónulegum málum sem snerta námið, náms- og starfsval og skólann,
- skýra starfssvið náms- og starfsráðgjafar í skólakerfinu, efla starfsþróun og rannsóknir í faginu.